

## Frumvarp til laga

um heimild ríkissjóðs Íslands til viðbótarlántöku á árinu 2009.

Frá meiri hluta efnahags- og skattanefndar (HHj, MSch, ÁI, SII, ÁsmD).

### 1. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt á árinu 2009:

- a. að veita Landsvirkjun heimild til að nýta lántökuheimild, sbr. 9. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, allt að 50 milljörðum kr.
  - b. að taka lán allt að 290 milljörðum kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, að hluta með útgáfu markaðsverðbréfa ríkissjóðs, verði þess talin þörf til að efla gjald-eyrisvaraforða Seðlabanka Íslands, til að leggja þeim fjármálafyrirtækjum til eigið fé sem stofnuð hafa verið á grundvelli laga nr. 125/2008 eða til að styrkja viðskipti á innlendum fjármálamarkaði með útgáfu ríkisverðbréfa. Heimilt er að endurlána Seðlabanka Íslands þann hluta sem tekinn verður að láni í erlendri mynt.
- Lántökuheimild ríkissjóðs skv. 1. mgr. hefur ekki áhrif á lántökuheimildir ríkissjóðs skv. 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2009.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Í frumvarpinu er lagt til að Landsvirkjun verði veitt heimild til lántöku allt að 50 milljörðum kr. á þessu ári til viðbótar við þá 20 milljarða kr. heimild sem er til staðar í tölul. 3.1 í 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2009. Þetta er í samræmi við yfirlýsingar fyrirtækisins um að 65–70 milljarða kr. þurfi á yfirstandandi ári til að mæta endurfjármögnunarþörf fyrirtækisins og til að geta ráðist í nýjar virkjunarframkvæmdir. Í annan stað er lagt til að ríkissjóði verði veitt 290 milljarða kr. viðbótarheimild til lántöku umfram þá heimild sem ríkissjóður hefur skv. 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2009, nánar tiltekið 1. og 4. tölul. Er þetta í samræmi við endurmat á lántökupörf ríkisins sem skýrist af eftirtöldum ráðstöfunum:

Útgáfuheimild ríkisbréfa	250.000
Fjármögnun eiginfjár nýju bankanna	385.000
Lán Norðurlanda	230.000
Lán Póllands og Rússlands	85.000
<i>Samtals lántökur</i>	<i>950.000</i>
Heimild skv. 1. og 4. tölul. 5. gr. fjárlaga 2009	660.000
<i>Vöntun lánsfjárheimilda</i>	<i>290.000</i>

Fordæmi eru fyrir því að viðbótarlánsfjárheimilda sé aflað með almennum lögum, sbr. lög nr. 60/2008.